




(mynd #1)




(mynd #2)




(mynd #3)



(mynd #4)



(mynd #5)



(mynd #6)

LEIÐBEININGAR:

Uppsetningar á EI 30 og EI 60 eldvarnarhurðum – bæði einföldum og tvöföldum.

INNGANGUR

Sá sem framkvæmir uppsetningu hurða ber ábyrgð á því að hurðin sé sett upp eins og mælt er fyrir um í þessum uppsetningar reglum.

Mikilvægt er að fylgja eftirfarandi reglum við ísetningu eldvarnahurða svo eldvörn samkvæmt uppgefinni EI merkingu skerðist ekki.

Áður en byrjað er að setja upp hurð skal ganga úr skugga um að karmmál og gatmáli í vegg passi saman, sbr. kröfurnar sem tilgreindar eru í kafla 3 varðandi breidd og hæð. Ef mál standast ekki verður að gera fullnægjandi ráðstafanir í samráði við byggingarstjóra til að ekki verði skerðing á uppgefinni eldvörn.

FESTING Á KARM

Karmur er settur í hurðagatið á veggnum og festur lóðrétt og lárétt (mynd #1). Karmurinn er festur við vegg að minnsta kosti á 3 stöðum á hvorri hlið karms (mynd #1) og fyrir tveggja vængja hurðir einnig að minnsta kosti 1 stað í miðju á karm yfirstykki.

Gangið úr skugga um að :

- Að karmur sé lóðréttur/láréttur.
- Karmur sé rétt settur í gagnvart endanlegu gólfefni.

Millibil frá karmi og út í vegg má ekki vera minni en 5 mm. og hvergi meiri en 20 mm. (mynd #2)

- Ekki má ekki vera meiri en 3 mm (mynd #3) frá hurð í karm lóðrétt og lárétt
- Millibil á milli vængjahurða má ekki vera meiri en 3 mm.
- Fjarlægðin frá neðri brún hurðar að karmi má ekki vera meiri en 6 mm (mynd #4)

Í EI hurð með fellipröskuldi á fjarlægðin frá neðri brún hurðarspjalds að gólfefni að vera 6 mm (mynd #5). Hurðin kemur tilbúin með löglegum eldvarnarfelli þröskuldi.

LÆSINGAJÁRN OG LAMIR

Hurðin kemur tilbúin með löglegum læsingajárnum og lómum. Allt eins og við á við hverja hurð.

Eftir ísetningu skal athuga:

- Að opna og loka hurð áreynslulaust.
- Að hurð lokist fullkomlega þegar lokað er með sjálfvirkri lokun.
- Aðgæta að tvöfaldar hurðir lokist rétt.

Læsingabúnaður verður að vera af viðurkenndri gerð og fylgir hann hurðunum.

Læsiþúnaður sem getur komið í veg fyrir að hurðarspjöld lokist alveg og festibúnaður í tengingu (td. læsa með boltum) má aðeins nota fyrir EI hurðir með fyrirfram samþykki eftirlitsaðila.

Frágangur á fúgum milli karms og veggjar.

Fúga sem er á milli hurðakarma og aðliggjandi byggingarhluta (veggjar) á að fylla með samþjappaðari steinull. Þéttleikinn á að vera sem samsvarar notkun 3 metrar af steinull (60mm x 20mm) á metra 10 mm samskeyti (mynd #6).

Þröskuldur: Þetta á mill þröskuldar og gólfefnis annað hvort með steinull eða múrblöndu

ÖNNUR ÁKVÆÐI.

Með öllu bannað að bora í, saga eða skemma yfirborð hurðar, karms eða þröskuldar og rjúfa þar með eldvörn.

Bannað er að setja gat á hurðir (gægjugat)

Ekki má setja neitt brennanlegt á hurðir eða karma. (myndir – teppi – eða annað brennanlegt)

Merkingar framleiðanda og númer má aldrei fjarlægja af hurð.

Uppsetningarleiðbeiningar við hverja hurð má ekki fjarlægja fyrr en uppsetning hefur verið samþykkt.